

Fylgiskjal.

SAMNINGUR MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG
RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS KÓREU
UM FLUGÞJÓNUSTU MILLI YFIRRÁÐASVÆÐA HVORRAR
UM SIG OG ÁFRAM FRÁ ÞEIM

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Kóreu (hér á eftir nefndar „samningsaðilar“),
sem eru aðilar að samningnum um alþjóðlegt almenningsflug sem var lagður fram til undirritunar
í Chicago 7. desember 1944 og

sem hafa hug á að gera samning í því skyni að koma á flugþjónustu milli yfirráðasvæða hvorrar
um sig og áfram frá þeim,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum samningi hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir nema annað leiði af
sambhengi:

- a) „Chicago-samningur“ merkir samningurinn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var lagður
fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944 og felur í sér hvern þann viðauka sem hefur
verið samþykktur skv. 90. gr. þess samnings og sérhverja breytingu á viðaukum hans skv. 90.
og 94. gr. hans, að svo miklu leyti sem þessir viðaukar og breytingar hafa tekið gildi gagnvart
báðum samningsaðilum eða verið fullgilt af hálfu þeirra beggja,
- b) „flugmálayfirvöld“ merkir, í tilviki Lýðveldisins Kóreu, ráðherra landnýtingar-, innviða- og
samgöngumála og, í tilviki Íslands, innviðaráðherra eða í báðum tilvikum hver sá aðili eða
yfirvald sem hefur heimild til þess að inna af hendi þau störf sem fyrrnefnd yfirvöld hafa með
höndum,
- c) „tilnefndur flugrekandi“ merkir flugrekandi, sem annar samningsaðilanna hefur tilnefnt með
skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans til að annast flugþjónustu á leiðum sem eru
tilgreindar í viðaukanum við þennan samning og fengið hefur viðeigandi rekstrarleyfi af hálfu
hins samningsaðilans skv. 3. gr. samnings þessa,
- d) „yfirráðasvæði“ hefur með tilliti til ríkis þá merkingu sem því er gefin í 2. gr. Chicago-
samningsins,
- e) „flugþjónusta“, „alþjóðleg flugþjónusta“, „flugrekandi“ og „viðkoma án viðskipta“ hafa þá
merkingu, eftir því sem við á, sem tilgreind er í 96. gr. Chicago-samningsins,
- f) „flutningsgeta“ merkir, með tilliti til loftfars, sá farmþungi loftfarsins sem er fyrir hendi á
tiltekinni leið eða hluta leiðar,
- g) „flutningsgeta“ merkir, með tilliti til samþykkrar þjónustu, flutningsgeta loftfarsins sem er
notuð í fyrrnefndri þjónustu, margfölduð með ferðatíðni þess á ákveðnu tímabili á leið eða
hluta leiðar,
- h) „flutningur“ merkir flutningur farþega, farangurs, farms og pósts,
- i) „gjaldskrá“ merkir hvert það verð sem flugrekendur setja upp eða hyggjast setja upp, beint
eða í gegnum umboðsaðila sína, gagnvart hvaða einstaklingi eða aðila sem er fyrir flutning
farþega (og farangurs þeirra) og farms (að frátöldum pósti) með flutningum í lofti, þ.m.t.:
 - i. þau skilyrði sem gilda um tiltækileika og gildissvið tiltekinnar gjaldskrár og
 - ii. gjöld og skilyrði sem gilda um hverja þá viðbótarþjónustu vegna fyrrnefnds flutnings sem
flugrekendur bjóða fram,

- j) „notendagjald“ merkir gjald sem lögbær yfirvöld taka eða heimila að séu tekin af flugrekendum fyrir að láta þeim í té afnot af eignum eða aðstöðu á flugvelli eða flugleiðsögu-búnaði, þ.m.t. tengd þjónusta og aðstaða, fyrir loftför, áhafnir þeirra, farþega og farm og
- k) „viðauki“ merkir viðaukinn við þennan samning eða með áorðnum breytingum í samræmi við ákvæði 20. gr. þessa samnings. Viðaukinn er óaðskiljanlegur hluti þessa samnings og skulu allar vísanir í samninginn fela í sér vísanir í viðaukann, ef ekki er skýrt kveðið á um annað.

2. gr.

Veiting réttinda.

1. Hvor samningsaðili um sig veitir hinum samningsaðilanum réttindi, sem tilgreind eru í samningi þessum, til að stunda alþjóðlega flugþjónustu á þeim leiðum sem tilgreindar eru í viðaukanum (hér á eftir nefnt „samþykkt þjónusta“ og „tilgreindar leiðir“, eftir því sem við á).
2. Tilnefndir flugrekendur hvors samningsaðila um sig skulu, með fyrirvara um ákvæði samnings þessa, njóta eftirfarandi réttinda á meðan þeir stunda samþykktu þjónustu á tilgreindum leiðum:
 - a) að fljúga yfir yfirráðasvæði ríkis hins samningsaðilans án þess að lenda,
 - b) að hafa viðkomu á yfirráðasvæði ríkis hins samningsaðilans án viðskipta og
 - c) að hafa viðkomu á yfirráðasvæði ríkis hins samningsaðilans á stöðum á tilgreindum leiðum með fyrirvara um ákvæði í viðaukanum í þeim tilgangi að taka með eða skila af sér farþegum, farmi og pósti.
3. Ekkert í þessari grein telst veita tilnefndum flugrekendum annars samningsaðilans þau sérréttindi að taka með, á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, farþega, farm eða póst sem fluttur er gegn þóknun eða leigugjaldi til annars staðar á yfirráðasvæði fyrrnefnds hins samningsaðila.

3. gr.

Tilnefndir flugrekendur.

1. Hvor samningsaðili um sig skal hafa rétt til að tilnefna, með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans, einn flugrekanda eða fleiri í því skyni að stunda samþykktu þjónustu á tilgreindum leiðum.
2. Þegar slík tilnefning berst skulu flugmálayfirvöld hins samningsaðilans, með fyrirvara um ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar, veita tilnefndum flugrekendum viðeigandi rekstrarleyfi án tafar.
3. Flugmálayfirvöldum annars samningsaðilans er heimilt að krefjast þess að sérhver flugrekandi, sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt, sýni þeim fram á hæfni sína til að uppfylla skilyrði samkvæmt þeim lögum og reglum sem þau yfirvöld beita að jafnaði, og eins og eðlilegt má telja, í samræmi við ákvæði Chicago-samningsins þegar um rekstur alþjóðlegrar flugþjónustu er að ræða.
4. Flugmálayfirvöld hvors samningsaðila um sig skulu eiga rétt á að synja um það rekstrarleyfi, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eða að setja þau skilyrði, sem þau kunna að telja nauðsynleg, um með hvaða hætti tilnefndir flugrekendur geti nýtt sér þau réttindi sem tilgreind eru í 2. gr. samnings þessa, í þeim tilvikum þegar fyrrnefnd flugmálayfirvöld eru ekki fullviss um að veruleg eignarhlutdeild í fyrrnefndum flugrekendum og raunveruleg yfirráð yfir þeim séu í höndum þess samningsaðila sem tilnefnir flugrekendur eða ríkisborgara þess samningsaðila.
5. Þegar flugrekandi hefur verið tilnefndur og fengið leyfi með þeim hætti er fyrr greinir er honum heimilt að hefja, hvenær sem er, rekstur samþykkrar þjónustu, að því tilskildu að flutningsgeta sé samkvæmt þeim reglum sem eru settar á grundvelli 10. gr. samnings þessa og að gjaldskrár, sem eru ákveðnar í samræmi við ákvæði 12. gr. samnings þessa, gildi að því er þá þjónustu varðar.
6. Hvor samningsaðili um sig skal eiga rétt á að draga til baka tilnefningu hvaða flugrekanda sem er með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans og að skipta út áður tilnefndum flugrekanda fyrir annan flugrekanda.

4. gr.

Afturköllun og tímabundin niðurfelling réttinda.

1. Flugmálayfirvöld hvors samningsaðila um sig skulu eiga rétt á að afturkalla rekstrarleyfi eða fella tímabundið niður heimild flugrekanda, sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt, til að nýta sér

þau réttindi sem tilgreind eru í 2. gr. samnings þessa eða að setja þau skilyrði sem þau telja nauðsynleg vegna nýtingar slíkra réttinda:

- a) í þeim tilvikum þegar þau eru ekki fullviss um að veruleg eignarhlutdeild í fyrrnefndum flugrekendum og raunveruleg yferráð yfir þeim séu í höndum þess samningsaðila sem tilnefnið flugrekanda eða ríkisborgara þess samningsaðila eða
 - b) þegar flugrekandinn fer ekki að lögum og reglum samningsaðilans sem veitir þessi réttindi eða
 - c) þegar flugrekandinn stundar ekki með öðrum hætti rekstur sinn í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessum samningi.
2. Ef tafarlaus afturköllun eða tímabundin niðurfelling rekstrarleyfis eða tafarlaus ákvörðun þeirra skilyrða sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er ekki frumskilyrði þess að koma í veg fyrir frekari brot á lögum eða reglum skal aðeins nýta slíkan rétt að undangengnu samráði við hinn samningsaðilann.

5. gr.

Tollar og önnur sambærileg gjöld.

1. Loftför, sem tilnefndir flugrekendur annars hvors samningsaðilans starfrækja, ásamt venjulegum búnaði þeirra, varahlutum, eldsneytis- og smurolíubirgðum og aðföngum loftfars (þ.m.t. matur, drykkir og tóbak) um borð í slíkum loftförum, skulu undanþegin öllum tollum, skoðunargjöldum og öðrum gjöldum eða sköttum við komu inn á yferráðasvæði hins samningsaðilans, á grundvelli gagnkvæmni, í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglna hjá hvorum samningsaðila um sig, að því tilskildu að fyrrnefndur búnaður og aðföng séu áfram um borð í loftfarinu þar til þau eru flutt út á ný.
2. Einnig skal eftirfarandi undanþegið sömu tollum, sköttum, kostnaði og gjöldum samkvæmt gildandi ákvæðum laga og reglna hvors samningsaðila um sig, að undanskildum gjöldum sem svara til veittrar þjónustu:
 - a) aðföng loftfara sem eru tekin um borð á yferráðasvæði annars hvors samningsaðilans, innan þeirra marka sem lögbær yfirvöld viðkomandi samningsaðila ákveða, og eru til notkunar um borð í loftförum sem sinna samþykktri þjónustu tilnefndra flugrekenda hins samningsaðilans,
 - b) varahlutir, þ.m.t. hreyflar, sem komið er með inn á yferráðasvæði annars hvors samningsaðilans vegna viðhalds eða viðgerða á loftförum sem sinna samþykktri þjónustu tilnefndra flugrekenda hins samningsaðilans og
 - c) eldsneyti og smurolíur sem eru ætluð loftförum sem tilnefndir flugrekendur hins samningsaðilans starfrækja vegna samþykktar þjónustu, jafnvel þegar nota á þessar birgðir á þeim hluta ferðar sem er farin yfir yferráðasvæði þess samningsaðila þar sem þær eru teknar um borð.

Efnisþættir, sem um getur í a-, b- og c-lið þessarar málsgreinar, skulu vera undir eftirliti eða stjórn tollyfirvalda.

3. Aðeins er heimilt að afferma venjulegan búnað loftfars, varahluti, eldsneytis- og smurolíubirgðir og aðföng loftfars, sem geymd eru um borð í loftfari tilnefndra flugrekenda annars hvors samningsaðilans, á yferráðasvæði hins samningsaðilans með samþykki tollyfirvalda þess samningsaðila sem getur krafist þess að efnisþættirnir verði færðir undir eftirlit fyrrnefndra yfirvalda þar til þeir eru fluttir aftur úr landi eða þeim ráðstafað með öðrum hætti í samræmi við tollareglur.
4. Nauðsynleg skjöl, sem tilnefndir flugrekendur annars samningsaðilans nota, þ.m.t. flugmiðar og farmbréf, auk kynningarefnis, skulu undanþegin öllum tollum og öðrum sambærilegum gjöldum á yferráðasvæði hins samningsaðilans.
5. Farangur og farmur í beinni gegnumferð skulu undanþegin öllum tollum, sköttum, skoðunargjöldum og öðrum sambærilegum gjöldum með gagnkvæmum hætti, að undanskildum gjöldum sem svara til veittrar þjónustu.

6. gr.

Notendagjöld.

1. Hvorugur samningsaðilanna skal leggja á eða heimila að lögð verði á tilnefnda flugrekendur hins samningsaðilans hærri notendagjöld en þau sem lögð eru á hans eigin flugrekendur sem stunda sambærilega alþjóðlega flugþjónustu.
2. Hvor samningsaðili um sig skal hvetja til þess að fram fari samráð um notendagjöld milli lögbærra yfirvalda hans á sviði gjaldtöku og flugrekenda, sem nota þjónustuna og aðstöðuna sem fyrrnefnd yfirvöld á sviði gjaldtöku láta í té, fyrir atbeina samtaka sem koma fram fyrir hönd flugrekenda þar sem því verður við komið. Hvor samningsaðili um sig skal enn fremur hvetja lögbær yfirvöld sín á sviði gjaldtöku og fyrrnefnda flugrekendur til að skiptast á viðeigandi upplýsingum um notendagjöld.

7. gr.

Beiting laga og reglna.

1. Tilnefndir flugrekendur samningsaðila skulu fara að lögum, reglum og verklagsreglum hins samningsaðilans sem varða aðgang eða brottför loftfara í alþjóðlegri flugþjónustu að eða frá yfirráðasvæði þess síðarnefnda eða varða starfrækslu og leiðsögu slíkra loftfara við komu þeirra inn á fyrrnefnt yfirráðasvæði og fram að og að meðtalinni brottför þeirra frá því.
2. Við komu inn á yfirráðasvæði ríkis samningsaðila skulu áhöfn, farþegar, farmur og póstur um borð í loftförum tilnefndra flugrekenda hins samningsaðilans uppfylla ákvæði laga, reglna og verklagsreglna fyrrnefnda samningsaðilans sem gilda um útlendingaeftirlit, vegabréf eða önnur samþykkt ferðaskilríki, komu, tollafgreiðslu og sóttvarnaráðstafanir eða annar annast það fyrir þeirra hönd.
3. Farþegar, farangur og farmur í beinni gegnumferð um yfirráðasvæði annars hvors samningsaðilans sem fara ekki út af því flugvallarsvæði sem er frátekið vegna slíkrar notkunar nema:
 - a) að því er varðar verndarráðstafanir gegn ofbeldi og flugránum,
 - b) að því er varðar verndarráðstafanir sem um getur í 18. gr. þessa samnings,
 - c) til að koma í veg fyrir ólöglega verslun með lyf sem innihalda ávana- eða fíkniefni og með geðvirk efni og
 - d) til að koma í veg fyrir ólöglega komu fólks, skulu aðeins hlíta einföldu eftirliti.
4. Álagður kostnaður og gjöld á yfirráðasvæði annars hvors samningsaðilans vegna flugreksturs flugrekenda hins samningsaðilans fyrir notkun flugvalla og annarrar flugaðstöðu á yfirráðasvæði fyrrnefnda samningsaðilans skulu ekki vera hærri en álagður kostnaður og gjöld á yfirráðasvæði fyrrnefnda samningsaðilans vegna reksturs annarra flugrekenda sem starfrækja sambærilega alþjóðlega flugþjónustu.
5. Hvorugur samningsaðilanna skal ívilna öðrum flugrekanda á kostnað tilnefnds flugrekanda hins samningsaðilans þegar hann beitir reglum sínum um tollefirlit, útlendingaeftirlit, sóttvarnaráðstafanir og sambærilegum reglum eða þegar flugvellir, loftbrautir og flugumferðarþjónusta og tengd aðstaða, sem hann hefur umráð yfir, eru notuð.

8. gr.

Viðurkenning vottorða, skírteina og leyfa.

Samningsaðili skal taka gild lofthæfivottorð, hæfisskírteini og leyfi, sem hinn samningsaðilinn gefur út eða staðfestir sem gild, á meðan þau halda gildi sínu, vegna starfrækslu samþykkrar þjónustu á tilgreindum leiðum, ávallt með því skilyrði að slík vottorð, skírteini eða leyfi hafi verið gefin út eða staðfest sem gild í samræmi við þær viðmiðanir sem settar eru samkvæmt Chicago-samningnum. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér þó rétt til að neita að taka gild, vegna flugs til og frá yfirráðasvæði hans, hæfisskírteini og leyfi sem hinn samningsaðilinn veitir eigin ríkisborgurum.

9. gr.

Stofnun umboðsskrifstofa flugrekenda.

Heimila skal tilnefndum flugrekendum beggja samningsaðila, á yferráðasvæði hins samningsaðilans:

- a) að koma á fót umboðsskrifstofum til að kynna flutninga í lofti og selja flugmiða og koma á fót annarri aðstöðu sem er nauðsynleg til að unnt sé að bjóða fram flutninga í lofti,
- b) að flytja inn og hafa þar, í samræmi við lög og reglur hins samningsaðilans um komu, búsetu og atvinnu, sérhæfða starfsmenn á sviði stjórnunar, sölu, tækni og reksturs og aðra sérhæfða starfsmenn sem eru nauðsynlegir til að unnt sé að bjóða fram flutninga í lofti og
- c) að selja flutninga í lofti milliliðalaust og, að eigin ákvörðun viðkomandi flugrekenda, fyrir milligöngu umboðsaðila sinna.

10. gr.

Reglur um flutningsgetu.

1. Tilnefndir flugrekendur beggja samningsaðila skulu fá sanngjörn og jöfn tækifæri til að stunda samþykktá þjónustu á tilgreindum leiðum milli yferráðasvæða þeirra.
2. Við rekstur samþykkrar þjónustu skulu tilnefndir flugrekendur hvors samningsaðila um sig taka tillit til hagsmuna tilnefndra flugrekenda hins samningsaðilans til þess að hafa ekki ótilhlýðileg áhrif á þá þjónustu sem sá síðarnefndi veitir á sömu leiðum eða hlutum þeirra.
3. Halda skal flutningsgetu tilnefndra flugrekenda annars samningsaðilans á sérhverri tilgreindri leið, ásamt flutningsgetu tilnefndra flugrekenda hins samningsaðilans, í eðlilegu samræmi við þarfir almennings til flutninga í lofti á fyrrnefndri leið.
4. Meginmarkmið með samþyktri þjónustu, sem tilnefndir flugrekendur hvors samningsaðila um sig veita, skal vera að bjóða fram, með hæfilegri hleðslunýtingu, næga flutningsgetu til þess að anna raunverulegri og fyrirsjáanlegri flutningsþörf til og frá yferráðasvæði þess samningsaðila sem tilnefnir flugrekendurnar. Flutningur, sem kemur um borð eða fer frá borði á yferráðasvæði hins samningsaðilans þegar flogið er til eða frá stöðum á tilgreindum leiðum á yferráðasvæðum ríkja, annarra en þeirra sem tilnefna flugrekendurnar, skal vera viðbót. Réttur slíkra flugrekenda til flutnings milli staða á tilgreindum leiðum á yferráðasvæði hins samningsaðilans og staða í þriðju ríkjum skal nýttur í þágu skipulegrar uppbyggingar alþjóðlegrar flugþjónustu þannig að flutningsgetan tengist:
 - a) þörf fyrir flutninga til og frá yferráðasvæði þess samningsaðila sem tilnefnir flugrekendurnar,
 - b) þörf fyrir flutninga sem fyrir er á þeim svæðum sem samþykkt þjónusta fer í gegnum, að teknu tilliti til staðbundinnar og svæðisbundinnar flugþjónustu, og
 - c) þörf fyrir gegnumflug.

11. gr.

Rekstrarfyrirkomulag.

1. Flugmálafyrirvöld samningsaðilanna skulu koma sér saman um flutningsgetu og ferðatíðni.
2. Tilnefndir flugrekendur annars samningsaðilans geta, allt eftir flutningaþörf, sótt um að stunda flutninga á viðbótarhluta tilgreindu leiðanna. Umsókn um slíkt flug skal senda flugmálafyrirvöldum hins samningsaðilans, í samræmi við landslög og reglur þess samningsaðila, og er aðeins hægt að stunda slíkt flug að fengnu samþykki fyrrnefndra yfirvalda.

12. gr.

Gjaldskrár.

1. Hvor samningsaðili um sig skal heimila sérhverjum tilnefndum flugrekenda að ákvarða gjaldskrár á grundvelli þeirra viðskiptaaðstæðna sem ríkja á markaðnum. Afskipti samningsaðilanna skulu takmarkast við það:
 - a) að koma í veg fyrir gjaldskrár eða verklag sem hefur ósanngjarna mismunun í för með sér,
 - b) að vernda neytendur gegn gjaldskrár með óeðlilega háu eða hamlandi verði vegna misnotkunar markaðsráðandi stöðu og

- c) að vernda flugrekendur gegn gjaldskrár með óeðlilega lágu verði sem rekja má til beinna eða óbeinna ríkisstyrkja eða -aðstoðar.
2. Hvor samningsaðili um sig getur krafist þess að gjaldskrár, sem tilnefndir flugrekendur hins samningsaðilans hyggjast nota til innheimtu fyrir flutninga til eða frá yfirráðasvæði hans, séu tilkynntar eða lagðar inn hjá flugmálayfirvöldum hans. Óheimilt er að krefja tilnefnda flugrekendur beggja samningsaðila um slíka tilkynningu eða innlagningu með skemmri fyrirvara en þrjátíu (30) dögum fyrir fyrirhugaðan gildistökudag. Í einstökum tilvikum er tilkynning eða innlagning heimil með skemmri fyrirvara en allajafna er krafist.
 3. Hvorugur samningsaðilinn skal grípa til einhliða ráðstafana til að koma í veg fyrir að gjaldskrá, sem áformað er að koma á eða halda áfram að innheimta eftir, verði tekin upp eða gildi áfram af hálfu:
 - a) tilnefnds flugrekanda annars hvors samningsaðilans vegna alþjóðlegrar flugþjónustu milli yfirráðasvæða samningsaðilanna eða
 - b) tilnefnds flugrekanda annars hvors samningsaðilans vegna alþjóðlegrar flugþjónustu milli yfirráðasvæðis hins samningsaðilans og yfirráðasvæðis annars ríkis.
 4. Telji samningsaðili að slík gjaldskrá sé ekki í samræmi við sjónarmiðin sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar skal hann óska eftir samráði og tilkynna hinum samningsaðilanum um ástæður óánægju sinnar eins fljótt og auðið er. Samráðið skal fara fram í samræmi við 15. gr. þessa samnings og skulu samningsaðilarnir vinna saman að því að tryggja nauðsynlegar upplýsingar til að leysa málið með rökstuddum hætti. Ef samningsaðilarnir ná samkomulagi vegna gjaldskrár, sem er efni tilkynningar um óánægju, skal hvor samningsaðili um sig gera sitt ýtrasta til að koma samkomulaginu til framkvæmda. Náist ekki slíkt gagnkvæmt samkomulag skal gjaldskráin taka gildi eða gilda áfram.

13. gr.

Yfirfærsla tekna.

Hvor samningsaðili um sig skal veita tilnefndum flugrekendum hins samningsaðilans rétt til frjálstrar yfirfærslu, í öllum auðskiptanlegum gjaldmiðlum í samræmi við gildandi reglur um gjaldeyrisviðskipti, á tekjum umfram útgjöld sem þessir flugrekendur hafa aflað sér á yfirráðasvæði fyrrnefnda samningsaðilans í tengslum við flutninga farþega, pósts og farms.

14. gr.

Afhending tölfraðilegra gagna.

Flugmálayfirvöld hvors samningsaðila um sig skulu láta flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans í té, að fram kominni beiðni þar um, tölfraðileg gögn sem eðlilegt er að fara fram á til þess að unnt sé að yfirfara þá flutningsgetu, sem tilnefndir flugrekendur fyrrnefnda samningsaðilans bjóða fram innan samþykktu þjónustunnar á tilgreindum leiðum. Slík gögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að ákvarða flutningsmagn viðkomandi flugrekenda innan samþykktu þjónustunnar.

15. gr.

Samráð.

1. Flugmálayfirvöld samningsaðilanna skulu öðru hverju eiga samráð sín á milli, í anda náinnar samvinnu, í því skyni að tryggja framkvæmd ákvæða þessa samnings og viðaukans við hann, og tryggja að farið verði að ákvæðum hans svo viðunandi sé, og skulu efna til samráðs þegar nauðsyn ber til í því skyni að gera breytingar.
2. Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir samráði, sem getur farið fram með viðræðufundum eða bréfaskiptum, og skal það hefjast innan sextíu (60) daga frá því að óskað er eftir því nema báðir samningsaðilar samþykki að framlengja þennan frest.

16. gr.

Lausn deilumála.

1. Komi upp deilur milli samningsaðilanna um túlkun eða beitingu þessa samnings skulu þeir leitast við að leysa þær með samningaviðræðum.
2. Nái samningsaðilar ekki að leysa deiluna með samningaviðræðum geta þeir vísað henni til annars aðila eða stofnunar; ef þeir ná ekki að sammælast um það má vísa deilunni, að beiðni annars hvors samningsaðilans, til úrskurðar dóms sem þrír gerðarmenn skipa þar sem einn skal skipaður af hvorum samningsaðila og sé þriðji skipaður af þeim tveimur sem þannig eru skipaðir. Hvor samningsaðili um sig skal skipa gerðarmann innan sextíu (60) daga frá því að samningsaðili tekur við tilkynningu frá hinum samningsaðilanum eftir diplómatískum leiðum með beiðni um að deilan verði lögð í gerð hjá gerðardómi og skal þriðji gerðarmaðurinn skipaður innan næstu sextíu (60) daga. Ef annar hvor samningsaðilanna hefur ekki tilnefnt gerðarmann innan tilgreinds tíma eða ef þriðji gerðarmaðurinn er ekki skipaður innan tilgreinds tíma getur hvor samningsaðila sem er farið fram á það við forseta ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að hann skipi gerðarmann eða -menn, eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum skal þriðji gerðarmaðurinn vera ríkisborgari þriðja ríkis og formaður gerðardómsins.
3. Samningsaðilar skulu fara að hverri þeirri ákvörðun sem tekin er skv. 2. mgr. þessarar greinar.
4. Ef og svo lengi sem annar hvor samningsaðilanna eða tilnefndur flugrekandi annars hvors samningsaðilans fer ekki að kröfum 3. mgr. þessarar greinar getur hinn samningsaðilinn takmarkað eða afturkallað réttindi sem hann hefur veitt á grundvelli þessa samnings.

17. gr.

Flugöryggi.

1. Hvor samningsaðili um sig getur hvenær sem er farið fram á samráð um öryggisviðmiðanir á sviðum sem varða flugrekstraraðstöðu, flugáhafnir, loftför og starfrækslu þeirra sem hinn samningsaðilinn viðheldur. Samráð þetta skal fara fram innan þrjátíu (30) daga frá því að fyrrnefnd beiðni er lögð fram.
2. Ef annar samningsaðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkt samráð, að hinn samningsaðilinn fylgi ekki og beiti öryggisviðmiðunum með skilvirkum hætti á þeim sviðum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem jafngilda þeim viðmiðunum sem komið er á samkvæmt Chicago-samningnum („viðmiðunum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar“), skal hinum samningsaðilanum tilkynnt um þá niðurstöðu og til hvaða ráðstafana nauðsynlegt er talið að grípa til að uppfylla megi viðmiðanir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Hinn samningsaðilinn skal þá gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar innan umsaminna tímamarka.
3. Samkvæmt 16. gr. Chicago-samningsins er enn fremur samþykkt að viðurkenndir fulltrúar hins samningsaðilans megi framkvæma skoðun á hverju því loftfari, sem flugrekandi samningsaðila starfrækir eða er starfrækt á hans vegum og er í förum til eða frá yferráðasvæði ríkis hins samningsaðilans, meðan það er á yferráðasvæði ríkis hins samningsaðilans, að því tilskildu að skoðunin valdi ekki óeðlilegum töfum að því er starfrækslu loftfarsins varðar. Með fyrirvara um þær skuldbindingar sem um getur í 33. gr. Chicago-samningsins er skoðun þessi framkvæmd í því skyni að kanna bæði gildi skjala sem fylgja loftfarinu og skírteina áhafnar og að búnaður og ástand loftfarsins uppfylli viðmiðanir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
4. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til þess að fella tímabundið niður eða breyta rekstrarleyfi tilnefnds flugrekanda eða flugrekanda hins samningsaðilans án tafar þegar nauðsynlegt er að grípa til brýnna aðgerða í því skyni að tryggja öryggi í rekstri flugrekanda.
5. Aðgerð, sem samningsaðili grípur til í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, skal hætt um leið og forsendur fyrir henni eru ekki lengur til staðar.
6. Liggi fyrir ákvörðun, með vísan til 2. mgr. þessarar greinar, þess efnis að annar samningsaðilinn uppfylli ekki viðmiðanir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að umsömdum tíma liðnum ætti að tilkynna aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar um það. Þá ber einnig að tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um eftirfarandi og viðunandi lausn málsins.

18. gr.

Flugvernd.

1. Samningsaðilarnir áréttu, í samræmi við réttindi sín og skyldur samkvæmt alþjóðalögum, að gagnkvæm skylda þeirra til að vernda almenningsflug gegn ólögmætu athæfi sé órjúfanlegur þáttur þessa samnings. Samningsaðilarnir skulu einkum, án þess að takmarka almennt gildi réttinda sinna og skyldna samkvæmt alþjóðalögum, bregðast við í samræmi við ákvæði samningsins um lögbrot og aðra verknaði í loftförum, sem var undirritaður í Tókýó 14. september 1963, samningsins um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem var undirritaður í Haag 16. desember 1970, samningsins um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem var undirritaður í Montreal 23. september 1971 og bókunarinnar til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, sem var undirrituð í Montreal 24. febrúar 1988, sem kom til viðbótar samningnum um að koma í veg fyrir ólögmæltar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem var undirritaður í Montreal 23. september 1971, og annarra samninga um flugvernd sem báðir samningsaðilar gerast aðilar að.
2. Samningsaðilarnir skulu, að fenginni beiðni þar um, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar aðgerðir sem teljast ólögmætt athæfi og er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla og flugleiðsögubúnaðar og takast á við sérhverja aðra ógn við flugvernd í almenningsflugi.
3. Samningsaðilarnir skulu, í gagnkvæmum samskiptum sín á milli, haga athöfnum sínum í samræmi við flugverndarákvæði sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur innleitt og eru tilgreind sem viðaukar við Chicago-samninginn, að því marki sem slík flugverndarákvæði gilda fyrir samningsaðilana; þeir skulu gera kröfu um að rekstraraðilar loftfara á skrá hjá þeim eða rekstraraðilar loftfara sem hafa aðalstarfsstöð eða fast aðsetur á yfirráðasvæðum þeirra og rekstraraðilar flugvalla á yfirráðasvæðum þeirra hagi athöfnum sínum í samræmi við slík flugverndarákvæði.
4. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að heimilt sé að gera þá kröfu til slíkra rekstraraðila loftfara að þeir virði þau flugverndarákvæði sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar eins og hinn samningsaðilinn ætlast til vegna komu inn á yfirráðasvæði sitt, brottför þaðan eða veru þar. Hvor samningsaðili um sig skal tryggja að fullnægjandi ráðstöfunum sé beitt með skilvirkum hætti á yfirráðasvæði hans til að vernda loftför og skoða gaumgæfilega farþega, áhafnir, handfarangur, farangur, farm og aðföng loftfars áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram. Hvor samningsaðili um sig skal einnig taka til vinsamlegrar athugunar allar óskir hins samningsaðilans um réttmætar og sérhæfðar verndarráðstafanir til þess að mæta tiltekinni ógn.
5. Þegar hætta er á ólöglegri töku almenningsloftfara eða öðrum aðgerðum sem eru ólögmætt athæfi og er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar, eða þegar slíkt á sér stað, skulu samningsaðilarnir aðstoða hvor annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða hættu á slíkum atburðum á skjótan og öruggan hátt.

19. gr.

Rannsóknir slysa.

1. Eigi nauðlending eða slys sér stað þar sem loftfar annars hvors samningsaðilanna kemur við sögu á yfirráðasvæði hins samningsaðilans skulu flugmálayfirvöld þess samningsaðila þar sem nauðlendingin eða slysið verður tilkynna flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans án tafar um það, gera strax ráðstafanir til að koma áhöfn og farþegum til hjálpar og til að tryggja öryggi loftfarsins og pósts, farangurs og farms um borð, enn fremur nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fram fari rannsókn á einstökum atriðum og aðstæðum viðvíkjandi nauðlendingunni eða slysinu.
2. Flugmálayfirvöld samningsaðilans, sem stýrir rannsókn á einstökum atriðum og aðstæðum viðvíkjandi nauðlendingunni eða slysinu, skulu tilkynna flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans um að rannsókn fari fram og skapa flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans alla aðstöðu til þess að eiga fyrirvarsmenn þegar rannsóknin fer fram. Flugmálayfirvöld samningsaðilans, sem stýrir rannsókninni, skulu senda flugmálayfirvöldum hins samningsaðilans skýrslu um rannsóknina um leið og hún liggur fyrir.

20. gr.

Breytingar.

1. Telji annar hvor samningsaðilanna æskilegt að breyta einhverjum ákvæðum samnings þessa getur hann hvenær sem er óskað eftir samráði við hinn samningsaðilann. Slíkt samráð getur farið fram með viðræðum eða með bréfaskiptum og skal hefjast innan sextíu (60) daga frá viðtökudegi beiðninnar. Breytingar, sem samþykktar eru með fyrrgreindum hætti, skulu öðlast gildi að undangenginni staðfestingu með diplómáskiptum orðsendingaskiptum.
2. Breytingar á viðaukanum má gera með gagnkvæmu samkomulagi milli flugmálayfirvalda samningsaðilanna og staðfesta með diplómáskiptum orðsendingaskiptum.
3. Litið skal svo á að samningi þessum og viðaukanum sé breytt án frekara samkomulags eftir því sem kann að vera nauðsynlegt til þess að gæta samræmis við hvern þann marghliða samning eða samkomulag sem báðir samningsaðilar kunna að verða bundnir af.

21. gr.

Uppsögn.

Hvor samningsaðili um sig getur hvenær sem er tilkynnt hinum samningsaðilanum um þá ákvörðun sína að segja þessum samningi upp og skal slík tilkynning send Alþjóðaflugmálastofnuninni á sama tíma. Í því tilviki skal samningurinn falla úr gildi tólf (12) mánuðum eftir þann dag þegar hinn samningsaðilinn veitir tilkynningu þess efnis viðtöku nema hún sé dregin til baka með gagnkvæmu samkomulagi fyrir lok þessa tímabils. Staðfesti hinn samningsaðilinn ekki móttöku skal litið svo á að tilkynningunni hafi verið veitt viðtaka fjórtán (14) dögum eftir að Alþjóðaflugmálastofnunin tekur við henni.

22. gr.

Skráning.

Samningur þessi og breytingar á honum skulu skráð hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

23. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi skal öðlast gildi á þeim degi þegar samningsaðilarnir tilkynna hvor öðrum eftir diplómáskiptum leiðum um að allri nauðsynlegri innlendri málsmeðferð vegna gildistöku þessa samnings sé lokið.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Undirritað í tvíriti í Osló hinn 3. desember 2025 á íslensku, kóresku og ensku. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
ÍSLANDS

Högni S. Kristjánsson

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
LÝÐVELDISINS KÓREU

Seo Minjeong

VIÐAUKI

- A. Flugrekendur sem ríkisstjórn Íslands tilnefnir skulu eiga rétt á að stunda reglubundna, alþjóðlega flugþjónustu í báðar áttir á þeim leiðum sem eru tilgreindar hér á eftir:

Upphafsstaðir	Viðkomustaðir	Ákvörðunarstaðir	Staðir sem flogið er til áfram
<i>Staðir á Íslandi</i>	<i>Staðir sem verða tilgreindir nánar</i>	<i>Staðir í Lýðveldinu Kóreu</i>	<i>Staðir sem verða tilgreindir nánar</i>

- B. Flugrekendur sem ríkisstjórn Lýðveldisins Kóreu tilnefnir skulu eiga rétt á að stunda reglubundna, alþjóðlega flugþjónustu í báðar áttir á þeim leiðum sem eru tilgreindar hér á eftir:

Upphafsstaðir	Viðkomustaðir	Ákvörðunarstaðir	Staðir sem flogið er til áfram
<i>Staðir í Lýðveldinu Kóreu</i>	<i>Staðir sem verða tilgreindir nánar</i>	<i>Staðir á Íslandi</i>	<i>Staðir sem verða tilgreindir nánar</i>

- C. Tilgreindum flugrekendum beggja samningsaðila er heimilt, í hvaða flugi sem er eða öllu flugi, að sleppa því að hafa viðkomu á hvaða framangreindum stað sem er, að því tilskildu að samþykkt þjónusta á þessum leiðum hefjist á upphafsstað á yfirráðasvæði samningsaðilans sem tilnefnir flugrekandann.
- D. Tilgreining viðkomustaða og staða sem flogið er til áfram skulu falla undir gagnkvæmt, skriflegt samþykki flugmálayfirvalda beggja samningsaðila.
- E. Nýting fimmtu flugréttinda til og frá viðkomustöðum og stöðum sem flogið er til áfram skulu falla undir gagnkvæmt, skriflegt samþykki flugmálayfirvalda beggja samningsaðila.

**AGREEMENT BETWEEN
THE GOVERNMENT OF ICELAND
AND
THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC OF KOREA
FOR AIR SERVICES BETWEEN AND
BEYOND THEIR RESPECTIVE TERRITORIES**

The Government of Iceland and the Government of the Republic of Korea (hereinafter referred to as the “Contracting Parties”),

Being parties to the Convention on International Civil Aviation opened for signature at Chicago on the seventh day of December 1944, and

Desiring to conclude an Agreement for the purpose of establishing air services between and beyond their respective territories,

Have agreed as follows:

**ARTICLE 1
DEFINITIONS**

For the purpose of this Agreement, unless the context otherwise requires:

- (a) the term “Convention” means the Convention on International Civil Aviation opened for signature at Chicago on the seventh day of December 1944, and includes any annex adopted under Article 90 of that Convention and any amendment of the annexes or Convention under Articles 90 and 94 thereof, in so far as these annexes and amendments have become effective for or been ratified by both Contracting Parties;
- (b) the term “aeronautical authorities” means, in the case of the Republic of Korea, the Minister of Land, Infrastructure and Transport, and, in the case of Iceland, the Minister of Infrastructure, or in both cases any other authority or person empowered to perform the functions now exercised by the said authorities;
- (c) the term “designated airline” means any airline which one Contracting Party has designated, by written notification to the other Contracting Party, for the operation of air services on the routes specified in the Annex to this Agreement, and to which the appropriate operating authorization has been given by that other Contracting Party, in accordance with Article 3 of this Agreement;
- (d) the term “territory” in relation to a State has the meaning assigned to it in Article 2 of the Convention;
- (e) the terms “air service” “international air service”, “airline” and “stop for non-traffic purposes” have the meanings respectively assigned to them in Article 96 of the Convention;
- (f) the term “capacity” in relation to an aircraft means the payload of that aircraft available on a route or section of a route;
- (g) the term “capacity” in relation to an agreed service means the capacity of the aircraft used on such service multiplied by the frequency operated by such aircraft over a given period and route or section of a route;
- (h) the term “carriage of traffic” means the carriage of passengers, baggage, cargo and mail;
- (i) the term “tariff” means any amount charged or to be charged by airlines, directly or through their agents, to any person or entity for the carriage of passengers (and their baggage) and cargo (excluding mail) in air transportation, including:
